STJÓRNARTÍÐINDI C 2 — 1982

AUGLÝSING

um gildistöku samnings um norrænt samstarf á sviði þróunaraðstoðar.

Samningur frá 5. mars 1981 um norrænt samstarf á sviði þróunaraðstoðar öðlaðist gildi endanlega 1. júní 1982. Hann öðlaðist gildi til bráðabirgða við undirritun, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 5/1981 þar sem samningurinn er birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 29. júlí 1982.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.

29. júlí 1982 Nr. 16

AUGLÝSING

um samning við Sovétríkin um efnahagssamvinnu.

Samningur milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Sovétríkjanna um efnahagssamvinnu var undirritaður í Reykjavík 2. júlí 1982. Samningurinn öðlaðist gildi við undirritun.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 29. júlí 1982.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Sovétríkjanna um efnahagssamvinnu.

Ríkisstjórn lýðveldisins Íslands og ríkisstjórn Sovétríkjanna,

sem æskja þess á grundvelli jafnréttis og beggja hags að stuðla að þróun efnahagssamvinnu Íslands og Sovétríkjanna, þ. m. t. samvinnu á sviði iðnaðar, vísinda og tækni, sem þar við tengist,

sem hafa hliðsjón af erindaskiptum samningsaðilanna hinn 25. maí 1927, viðskipta- og greiðslusamningi milli Íslands og Sovétríkjanna frá 1. ágúst 1953, eins og honum var breytt með bókun 31. október 1975, bókun frá 11. september 1980 um gagnkvæmar vöruafgreiðslur frá Íslandi og Sovétríkjunum á árunum 1981—1985, samningi milli Íslands og Sovétríkjanna um menningar-, vísinda- og

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

tæknisamvinnu frá 25. apríl 1961 og samningi milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Sovétríkjanna um vísinda- og tæknisamvinnu og samráð á sviði sjávarútvegs og rannsókna á lifandi auðæfum hafsins frá 25. apríl 1977,

sem hafa að leiðarljósi ákvæði lokasamþykktar ráðstefnu um öryggi og samvinnu í Evrópu, sem undirrituð var í Helsinki 1. ágúst 1975,

sem eru þess fullvissar, að aukin samvinna í efnahagsmálum muni hafa jákvæð áhrif á þróun viðskipta milli landanna og auka fjölbreytni þeirra,

sem óska eftir að efla og auka tvíhliða samskipti Íslands og Sovétríkjanna á traustum grundvelli og til langframa,

hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

1. gr.

Samningsaðilar munu stefna að því að efla efnahagssamvinnu milli hlutaðeigandi íslenskra stofnana og fyrirtækja og sovéskra stofnana og að skapa hagstæð skilyrði fyrir þróun slíkrar samvinnu, á grundvelli jafnréttis og beggja hags og í samræmi við gildandi lög og reglugerðir hvors landsins um sig.

2. gr.

Samningsaðilar munu ákvarða með gagnkvæmu samkomulagi þau svið, þar sem þeir telja langtíma samvinnu æskilega skv. samningi þessum, og skal í því efni sérstaklega tekið mið af getu hvors landsins um sig og þörfum þess fyrir búnað, tækni og hráefni.

3. gr.

Skipti á vörum og þjónustu, sem leiðir af samningi þessum, fara fram samkvæmt samningum milli íslenskra einstaklinga og lögaðila annars vegar og sovéskra utanríkisviðskiptastofnana hins vegar á grundvelli langtíma bókana um gagnkvæmar vöruafgreiðslur milli landanna.

4. gr.

Samningsaðilar munu eftir megni og í samræmi við gildandi lög og reglugerðir hvors landsins um sig greiða fyrir stofnun og viðhaldi viðskiptasambanda milli fulltrúa hlutaðeigandi stofnana og fyrirtækja beggja landanna og skiptum á upplýsingum um efnahags- og viðskiptamál.

5. gr.

Fulltrúar sem samningsaðilar hafa tilnefnt til að athuga framkvæmd viðeigandi bókana sem í gildi eru milli landanna um gagnkvæmar vöruafgreiðslur og til þess að semja og samþykkja viðeigandi tillögur og ráðstafanir á sviði viðskipta milli landanna beggja skulu hittast, hvenær sem það telst nauðsynlegt, til skiptis í Moskvu og Reykjavík, til þess að fylgjast með framkvæmd þessa samnings um efnahagssamvinnu og gera tillögur um þróun hans.

6. gr.

Samningur þessi öðlast gildi við undirritun hans og gildir í fimm ár.

Að þeim tíma liðnum mun samningurinn gilda áfram, þar til annar hvor samningsaðili hefur tilkynnt hinum skriflega um uppsögn. Samningurinn rennur þá út sex mánuðum eftir dagsetningu slíkrar tilkynningar.

Uppsögn samningsins hefur ekki áhrif á gildi samninga, sem gerðir hafa verið með stoð í honum.

Gjört í Reykjavík hinn 2. júlí 1982 í tveimur frumritum, hvort tveggja eintakið á íslensku og rússnesku, og skulu þeir textar jafngildir.

Fyrir hönd ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands:	Fyrir hönd ríkisstjórnar Sovétríkjanna
Ólafur Jóhannesson	A. N. Manzhulo